

# eymir um að verða fimleikastjarna:

## KLÁR:

Daði Hrafn, litli bróðir Hörpu, er á rafmagnsfórhjólí sem honum gengur vel að stjórna. Hér er fjölskyldan tilbúin í túrinn.



## SPRETTUR:

Harpa er alvön á hjólinu, enda búin að vera á slíku tæki síðan hún var fimm ára.



## STOLT:

„Harpa Sif hefur alltaf verið mikil áhugakona um bíla og haft yndi af því að skottast í kringum þabba sinn í hans vinnu og stússi með hjól og bíla,“ segir Sigrún Inga, sem hér sést með manni sínum, Sigurði Heiðari.

# TÓRHJÓLI!

## Púkaæfingar

„Harpa Sif hefur alltaf haft mjög mikinn áhuga á öllu sem tengist bílum og hjólum og viljað skottast með þabba sínum frá fyrstu tíð. Hún hefur heldur aldrei verið hrædd að hjóla og vill ekki fyrir nokkurn mun missa af hjólaferðum. Hún hefur aldrei meitt sig á hjólinu, enda vel útbúin og varin,“ segir Sigrún Inga, mamma hennar. „Um daginn fórum við á Hellu og vorum þar að hjóla með mörgum krökkum.“

Þetta kallast Púkaæfingar sem eru krakkaæfingar, haldnar nokkrum sinnum á ári,“ segir Harpa Sif sem gengur í Ingunnarskóla og finnst frábært að búa

í Grafarholtinu. „Ég fer í fimleika eftir áramót og finnst gaman að leika með vinkonum mínum. Áhugamálin eru líka sveitin og ég fer oft á Klaustur til ömmu og afa og þá tökum við hjólin með. Á sumrin fer ég stundum á Þykkvabæjarklaustur að hitta frændfólk og kemst þá á hestbak, það er rosalega skemmtilegt. Í framtíðinni gæti ég hugsað mér að gerast mótórhjólakennari eða fimleikastjarna,“ segir Harpa Sif mótorkrossari kát að lokum.

TEXTI: AGNES KRISTJÓNSDÓTTIR  
MYNDIR: HEIÐA HELGADÓTTIR  
& KARL PETERSSON

## GRÆUSTELPA:

„Það er rosalega gaman að hjóla og maður er svo glaður og ánægður,“ segir Harpa Sif heima í fina herberginu sínu.

